

# Erindisbréf fjölmenningarráðs Fjarðabyggðar

## Umboð

### 1. gr.

Fjölmenningarráð starfar í umboði bæjarstjórnar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu, samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar og eftir því sem lög mæla fyrir um.

## Verksvið

### 2. gr.

Fjölmenningarráð er vettvangur samráðs íbúa sem eru innflytjendur, atvinnulífs og sveitarfélagsins Fjarðabyggðar og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Fjölmenningarráð er ráðgefandi fyrir starfsemi sveitarfélagsins Fjarðabyggðar í málaflokknum og stuðlar að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu stofnana og félagasamtaka til íbúa sem eru innflytjendur.

Megin hlutverk fjölmenningarráðs er að móta stefnu í fjölmenningarmálum sveitarfélagsins og fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða er snerta starfssvið ráðsins. Ráðið skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Fjarðabyggðar við hagsmunasamtök hópsins, vinna að stefnumótun og gera tillögur til bæjarráðs sem varðar verksvið þess. Megin markmið ráðsins er að koma málefnum innflytjenda í sveitarfélaginu á framfæri, skapa vettvang til samskipta og stuðla að fjölmenningarlegu samfélagi.

## Verkefni

### 3. gr.

Fjölmenningarráð fer með eftirtalin verkefni:

#### 1. Fjölmenningarmál

- Að gera tillögu til fjölskyldunefndar og bæjarstjórnar um markmið og stefnu sveitarfélagsins í málefnum nýrra íbúa.
- Að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í málaflokknum nái fram að ganga.
- Að vera bæjarstjórn, nefndum og ráðum og teyllum Fjarðabyggðar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni íbúa sem eru innflytjendur.
- Fjölmenningarráð er vettvangur samráðs bæjarbúa sem eru innflytjendur, félagasamtaka, atvinnulífs og bæjaryfirvalda.
- Að stuðla að kynningu þjónustu stofnana sveitarfélagsins og eflingu félagsauðs.
- Fjölmenningarráð er stjórnendum fjölskyldusviðs til ráðgjafar og aðstoðar varðandi viðburði tengdum fjölmenningu og stuðla að auknum sýnileika innflytjenda í öðrum viðburðum sem haldnir eru í sveitarfélaginu.

*Laga- og reglurammi*

## 4. gr.

Ráðið skal í störfum sínum fylgja almennum samþykktum bæjarstjórnar um málefni sveitarfélagsins s.s.

- Stefnumörkun bæjarstjórnar
- Samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar
- Mannauðsstefnu
- Jafnréttisstefnu
- Innkaupareglum
- Ferli og framsetningu fjárhagsáætlunar.

*Skipan*

## 5. gr.

Ráðið er skipað sjö fulltrúum. Tveimur kjörnum af bæjarstjórn og jafnmörgum til vara. Fimm fulltrúar eru tilnefndir sem aðalmenn og jafnmargir til vara úr samfélaginu af starfsmönnum fjölmeningarráðs þvert á atvinnulíf, fræðslu-, fristunda- og velferðarmál. Þeir íbúar sem tilnefndir eru skulu vera innflytjendur. Fjölmeningaráð sjálf kys sér formann og varaformann.

Ráðið skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og bæjarstjórnar.

Ráðið getur í sérstökum tilfellum skipað starfs- eða vinnuhópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka. Slíkum hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk innan kjörtímabils ráðsins. Í erindisbréfi skal m.a. koma fram hvort leggja skuli reglulegar fundargerðir/skýrslur fyrir ráðið og/eða skila niðurstöðu eða ályktun við lok starfstíma.

*Verkstjórn og verkaskipting*

## 6. gr.

Formaður ráðsins er í forsvari fyrir það um stefnumótun og ákvarðanir, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

Sviðsstjóri ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri á málavíðum sem heyra undir ráðið þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við stefnu bæjaryfirvalda.

*Boðun funda og fundarsköp*

## 7. gr.

Ráðið heldur að jafnaði einn fund á mánuði. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk tveggja ráðsmanna um fund í ráðinu ber að verða við því. Fella má niður fundi að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, undirbýr og ákveður dagskrá í samráði við starfsmenn ráðsins og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál, sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með

a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara, og skulu dagskrá og fundargögn fylgja fundarboði. Að jafnaði skulu fundir boðaðir rafrænt. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar eftir því sem við á. Sviðsstjóri skal sitja fundi ráðsins með málfrelsis og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Fjarðabyggðar sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni.

#### *Fundaskipulag og ritun fundargerða*

##### 8. gr.

Fundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Fundargerðir skulu skráðar í tölvu og afrit sent til fjölskyldunefndar að fundi loknum. Um ritun fundargerða fer eftir fyrirmælum samþykktar um stjórn og fundarsköp Fjarðabyggðar og nánari verklagsreglum eftir því sem við á. Fundarritun er á ábyrgð sviðsstjóra sem getur falið starfsmanni ritun fundar.

Í upphafi árs skal kynna fundaáætlun ráðsins fyrir það ár. Þar komi m.a. fram tímasetning funda til undirbúnings starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar ársfjórðungsuppgjöra, ásamt tímasetningu opinna funda og samráðsfunda með íbúasamtökum og öðrum hagsmunaaðilum, eftir því sem við á.

Samhliða gerð fundaáætlunar skal ganga frá dreifingarlista fundargagna og ákveða fyrirkomulag dreifingar.

#### *Samráð*

##### 9. gr.

Ráðið ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa og samtök þeirra, frjáls félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. Auk lögbundins samráðs skal ráðið leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til.

#### *Fjármál*

##### 10. gr.

Ráðið fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir hana heyra og felur sviðsstjóra að vinna starfsáætlun og tillögur að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsöröðun ráðsins. Ráðið afgreiðir starfsáætlun og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun séu í samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu. Tillögur um breytingar á rekstrinum sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu skal sérstaklega skýra og rökstyðja. Formaður ráðs og sviðsstjóri kynna starfsáætlun og tillögur að fjárhagsáætlun.

#### *Ráðningar*

##### 11. gr.

Bæjarráð ræður sviðsstjóra að fenginni tillögu bæjarstjóra. Sviðsstjóri ræður í störf undirmanna sinna.

*Málsmeðferð*

12. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvörðunar skal þess gætt að farið sé að sveitarstjórnarlögum, stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýslu.

Óski aðili rökstuðnings eða beri fram kvörtun vegna afgreiðslu ráðsins skal viðkomandi leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í bæjarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji bæjarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal ráðið taka mál upp.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 17. október 2024



Gunnar Þórnsson  
bæjarritari